

FRUMVARP AÐ NAUÐASAMNINGI
FYRIR LANDIC PROPERTY HF.
KT. 450599-3529
KRINGLUNNI 4-12, REYKJAVÍK

1. gr.

Lánardrottnum sem fara með sammingskröfur er boðin greiðsla á 4,0% - fjórum hundraðshluta - krafna sinna, en þó þannig að lágmarksgreiðsla til hvers þeirra verður 750.000 krónur og kröfur til og með þeirri fjárhæð greiðast að fullu.

2. gr.

Greiðslur munu fara fram í þrennu lagi sem hér segir:

- a. Lágmarksgreiðsla samkvæmt 1. gr. verður innt af hendi með peningum innan tveggja vikna frá endanlegri staðfestingu nauðasamnings.
- b. Samhliða greiðslu samkvæmt a-lið fá kröfuhafar afhent hlutfallslega upp í kröfur sínar hlutdeild í 15,9% hlutafjár í Landic Property Ísland ehf. sem reiknast upp í sammingskröfur miðað við að heildarverðmæti þessa hlutafjár sé 4.375.000.000 krónur.
- c. Það sem á vantar að sammingskröfuhafar hafi fengið 4,0% af fjárhæð sammingskrafna, eftir greiðslur samkvæmt a- og b-liðum frumvarpsins verður greitt með peningum 1. júlí 2010.
- d. Peningagreiðslur samkvæmt þessari grein bera ekki vexti nema vanskil verði.
- e. Trygging verður ekki veitt fyrir greiðslum samkvæmt framansögðu.

3. gr.

Stjórn félagsins lýsir yfir að hún mun fyrir hönd félagsins hlutast til um að félaginu verði slitið og að fjármunir sem eftir kunna að verða við félagsslitin verði greiddir kröfuhöfum í hlutfalli við kröfur þeirra sem viðbót við greiðslur samkvæmt 1. og 2. gr. frumvarps þessa.

Reykjavík 2.nóvember 2009
Í stjórn Landic Property hf.